

Áskorun: Stjórnvöld tryggi starfsemi Staðlaráðs Íslands

Tugir sérfræðinga og stjórnenda, sem starfa bæði hjá hinu opinbera og í einkageiranum, skora á stjórnvöld að tryggja starfsemi Staðlaráðs Íslands.

Hlutverk staðla við að tryggja gæði, öryggi, heilsu- og neytendavernd er ómetanlegt. Rannsóknir sýna að þeir stuðla að framleiðniaukningu fyrirtækja og aukinni landsframleiðslu, brjóta niður viðskiptahindranir og auka árangur fyrirtækja og stofnana á ýmsum sviðum. Staðlar innihalda sértæk viðmið og þegar til þeirra er vísað í löggjöf innihalda þeir eiginlegar kröfur hennar.

Staðan nú er alvarleg.

- Fjárframlög sem Staðlaráði eru ætluð til rekstrar duga ekki lengur til að halda úti lögbundinni starfsemi.
- Á undanförunum árum hafa fjármunir sem atvinnulífið greiðir vegna starfseminnar ekki skilað sér alla leið í rekstur Staðlaráðs.
- Framlög til Staðlaráðs Íslands hafa dregist verulega saman á sama tíma og verkefnin hafa verið aukin.
- Þegar löggjafinn ákveður að vísa til valkvæðra staðla í lögum eða reglugerðum eða þegar evrópsk löggjöf er tekin inn í íslensk lög þarf hið opinbera að eiga aðkomu að gerð þeirra og greiðslu hluta kostnaðar sem af hlýst. Á undanförunum tveimur árum hefur þó ekki tekist að fjármagna hluta kostnaðar við endurskoðun íslenskra þjóðarviðauka við 58 evrópska þölnönnunarstaðla sem vísað er til í Byggingarreglugerð. Hætta er á að hverfa þurfi frá frekari vinnu við það verkefni ef ekki koma til fjármunir fyrir stjórn og utanumhald verksins.
- Á sama tíma og rekstrarframlag ráðsins hefur lækkað umtalsvert hefur mæld ánægja og traust til Staðlaráðs aukist. Þetta gerist í kjölfar þess að Staðlaráð réðist í skipulagsbreytingar sem leiddu til betri þjónustu og betra aðgengis að stöðlum.

Við undirrituð skorum hér með á stjórnvöld og fagráðuneyti staðlamála að tryggja að fjármunir sem atvinnulífið greiðir til staðlastarfs með lögbundinni hlutdeild í tryggingagjaldi skili sér til Staðlaráðs. Staðlaráði þarf að gera kleift að halda áfram að þróa og bæta þjónustu sína og auka aðgengi að stöðlum, atvinnulífi, stjórnvöldum og íslenskum almenningi til góða.

Arkitektafélag Íslands, Gerður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri f.h. stjórnar og laganevndar

Carbfix, Dr. Kári Helgason, framkvæmdastjóri rannsókna og þróunar

Efla, Sæmundur Sæmundsson, framkvæmdastjóri

EY, Dr. Snjólaug Ólafsdóttir, sérfræðingur á sviði sjálfbærni í rekstri

Faggildingarráð, Ágúst Jónsson, formaður

Félag ráðgjafarverkfræðinga, Reynir Sævarsson, formaður

Fjársýslan, Ingbór Karl Eiríksson, fjársýslustjóri

Framkvæmdasýslan Ríkiseignir, Guðrún Ingvarsdóttir forstjóri og Þröstur Söring, framkvæmdastjóri

Þróunar og framkvæmda

Gagnaveitan, Jón Ingi Ingimundarson, forstöðumaður tæknideildar Ljósleiðarans

Geislavarnir ríkisins, Sigurður M. Magnússon, forstjóri

Hnit-verkfræðistofa, Kristinn Guðjónsson, framkvæmdastjóri

HS veitur, Júlíus Jónsson, forstjóri

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Hermann Jónasson, forstjóri

Isavia, Sveinbjörn Indriðason, forstjóri

ÍAV, Þóroddur Ottesen, forstjóri

Ístak, Karl Andreassen, framkvæmdastjóri

Kópavogsbær, Sigurður Arnar Ólafsson, gæðastjóri

Límtré Vírnet, Stefán Árni Einarsson, forstjóri

Lota, Ólöf Helgadóttir starfandi framkvæmdastjóri

Míla, Jón Ríkharð Kristjánsson, framkvæmdastjóri

Neytendasamtökin, Breki Karlsson, formaður

Olíudreifing, Gestur Guðjónsson, umhverfis- og öryggisfulltrúi

Orkubú Vestfjarða, Elías Jónatansson, orkubústjóri

Orkuveita Reykjavíkur, Reynir Guðjónsson, öryggisstjóri

Rafmennt, Þór Pálsson, framkvæmdastjóri

Samtök rafverktaka, Hjörleifur Stefánsson, formaður

Samtök verslunar og þjónustu, Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri

So Green, Guðný Nielsen

Skipulagsstofnun, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri

Skógræktin, Gunnlaugur Guðjónsson, sviðsstjóri fjármálasviðs

Staðlaráð Íslands, Kristjana Kjartansdóttir, formaður stjórnar

Steypustöðin, Björn Ingi Victorsson, forstjóri

Stjórnvísí, Gunnhildur Arnardóttir, framkvæmdastjóri

Strendingur, Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri

Vegagerðin, Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri f.h. yfirstjórnar

Veitur, Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri, Jóhannes Þorleiksson, forstöðumaður Rafveitu

Verkfræðingafélag Íslands, Svana Helen Björnsdóttir, formaður

Verkís, Egill Viðarsson, framkvæmdastjóri

VSB, Hjörtur Sigurðsson, framkvæmdastjóri

VSÓ ráðgjöf, Runólfur Þór Ástþórsson, framkvæmdastjóri

Örugg, verkfræðistofa Böðvar Tómasson, framkvæmdastjóri